

Mál nr. 520/2011
M
og
V (vátryggingafélag)
. v/frítúmaslysátryggingar fjölskylduátryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu, ákvæði vátryggingarskilmála um að örorkumat skuli fara fram eigi síðar en þremur árum eftir slys.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 20.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu vegna slyss sem M varð fyrir er hann rann til á flísu í apríl 2008 með þeim afleiðingum að meiðsl hlaut af sbr. gögn málsins. Hann leitaði til lögmanns á árinu 2011. Þann 10.11. 2011 hafnaði félagið að samþykkja örorkumat vegna slyssins sökum þeirrar reglu skilmála að örorkumat skuli fara fram eigi síðar en þremur árum eftir slys. Félaginu sé heimilt að hafa slíkt tímamark í skimálum. Slík reglna vátryggingarsamnings brjóti ekki gegn ákvæðum laga um vátryggingarsamninga. Félagið hafnar umfjöllun M um gagnaöflun og um að umrætt ákvæði sé óljóst eða umdeilanlegt. Ákvæðið sé skýrt um að meta beri örorku innan þriggja ára frá slysi. Þrjú ár hafi verið liðin 20.04. 2011. Félagið telur að sá tími sem M hafði til að hlutast til um mat á afleiðingu áverkans hafi “verið löngu liðinn”. Um þann tímafrest eru skilmálar fortakslausir sbr. nánar umfjöllun félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Ekki er unnt að fallast það með vátryggingafélaginu að tímafrestur sá sem M hafi haft til að hlutast til um mat á afleiðingu áverkans hafi verið “löngu liðinn”. Skoða verður atvik máls hverju sinni að teknu tilliti til aðstæðna. Umrætt ákvæði vátryggingarskilmála segir að “örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag”. Úrskurðarnefndin tekur undir umfjöllun M um að það sé grundvallaratriði að þau réttaráhrif sem ákvæði sem þetta er ætlað að hafa þurfi að koma skýrt fram í ákvæðinu. Ekki er unnt að fallast á að hér sé um hlutlæga ábyrgðartakmörkun að ræða sem eigi að gilda fortakslaust í hverju tilviki. Nefndin telur að M verði ekki sakaður um að hafa sýnt tómlæti varðandi framkvæmd örorkumats.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Ef umrætt ákvæði skilmála á að hafa fortakslaus þau réttaráhrif sem vátryggingafélagið heldur fram þurfa réttaráhrif þess að koma skýrt fram í ákvæðinu. Þessa er ekki gætt.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 14. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.